



## SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

PÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK, VEFFANG [www.skog.is](http://www.skog.is)

SÍMI 551 8150 - NETFANG [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is)

### ***Til formanna/framkvæmdastjóra skógræktarféлага og umsjónarmanna Landgræðsluskóga***

Kæra skógræktarfolk.

Í þessu bréfi minnum við á ýmis mál, varðandi starfsemi skógræktarfélaganna, til afgreiðslu í upphafi árs. **Athugið að nú eru öll eyðublöð og fylgiskjöl vistuð á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands (<http://www.skog.is/upplýsingar-fyrir-formenn/>).** Þeim sem vilja fá gögnin send í pósti er velkomið að hafa samband við skrifstofu S.Í.

#### **Aðalfundur**

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands verður haldinn í Mosfellsbæ dagana 4. – 6. september 2020.

#### **Skýrslur og pantanir**

##### **Starfsskýrsla skógræktarfélags fyrir árið 2019**

Vinsamlegast fyllið út eyðublaðið **Starfsskýrsla skógræktarfélags fyrir árið 2019** og sendið til okkar fyrir 20. mars.

Athugið að starfsskýrslan er nokkuð ítarlegri en verið hefur, þar sem einnig er verið að safna upplýsingum fyrir samantekt á skógartölum í Skógræktarritinu, sem hefur verið safnað sérstaklega áður. Fyrir gróðursetningu er mikilvægt að gera grein fyrir hvort um sé að ræða Landgræðsluskógaþlöntur/verkefni, eða aðra gróðursetningu á vegum félagsins. Fyllið út það sem við á ykkar félag.

##### **Pöntunareyðublað fyrir Landgræðsluskógaþlöntur**

Vinsamlegast fyllið út eyðublaðið **Pöntunarblað fyrir Landgræðsluskóga 2020** og sendið til [jon@skog.is](mailto:jon@skog.is) fyrir 20. mars.

#### **Bakkaskil**

Bökkum skal skila til gróðrarstöðvar. Mikilvægt er að ganga vel um þessi verðmæti. Bakkana þarf að taka jafnóðum og ganga frá þeim á tryggum stað til að halda þeim til haga. Athugið að bakkar geta komið frá mismunandi gróðrarstöðvum og þarf að halda þeim aðgreindum.

#### **Landgræðslusjóður**

Búið er að opna fyrir umsóknir til Landgræðslusjóðs – sjá bréf frá formanni á heimasíðu.

Umsóknarfrestur er til 15. mars. Fylla má umsókn út rafrænt á:

<http://www.skog.is/umsokn/>

## **Innra starf og fræðslumál**

### **Laufblaðið**

Næsta tölublað Laufblaðsins er fyrirhugað í kringum alþjóðadag skóga þann 21. mars. Óskum við hér með eftir efni í blaðið (mynd/um og texta) frá skógræktarfélagunum. Skilafrestur er til 13. mars.

### **Félagsskírteini**

Ný félagsskírteini fylgja hér með, með gildistíma 2020-2021. Gilda þau þar til ný skírteini (2021-2022) leysa þau af.

Meðfylgjandi er áminning um Netfangaleik Laufblaðsins sem við viljum gjarna láta fylgja með til félagsmanna, þar sem við þurfum að hafa skráð virk netföng til að blaðið skili sér til þeirra. Auk þess er auðvitað gott fyrir hvert félag að hafa netfangalista upp á að miðla upplýsingum um viðburði og annað til félagsmanna.

### **Líf í lundi**

Stefnt er að því að halda *Líf í lundi* dag laugardaginn 20. júní. Hvetjum við félögin til að taka þátt og vera með viðburð í skógi þann dag. Skrá má viðburð til þátttöku eða fá nánari upplýsingar hjá Jóni Ásgeiri (jon@skog.is) og Ragnhildi (rf@skog.is).

### **Fræðsludagskrá**

Upplýsingum um fræðslu og viðburði á vegum skógræktarfélaganna er nú komið á framfæri í Laufblaðinu, á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands og á fésbókarsíðu (Facebook) Skógræktarfélagsins. Félögin eru beðin um að senda þær upplýsingar sem þau vilja koma á framfæri inn með góðum fyrirvara.

### **Fagraðstefna skógræktar**

Fagraðstefna skógræktar verður haldin á Hótel Geysi 18. – 19. mars 2020. Yfirskrift ráðstefnunnar er *Grænir sprotar*. Skráningu lýkur 14. mars. Skráning er á: <https://www.skoqur.is/is/moya/formbuilder/index/index/skraning-a-fagradstefnu-2019>

***Með bestu kveðju og þökk,  
Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands***